

Tákn endurkomunnar

Í síðasta verkefni kynntum við okkur hvernig endurkoma Krists muni eiga sér stað. Við sáum að hún verður ekki leynilegur atburður heldur mun hvert auga sjá hann. Við lærðum að hann mun koma niður af himni með öllum englum sínum og með lúðurb læstri. Við sáum að hinir dónu í Kristi munu rísa upp og þeir sem eru á lífi munu mæta honum í skýjunum. En hvenær mun þetta gerast? Hve nálægt erum við þessum stórkostlega atburði? Nú munum við skoða spádóma Jesú varðandi endurkomu hans. Þegar allt kemur til alls, hver ætti að vita meira um endalok þessarar jarðar en einmitt sá sem skapaði hana í upphafi?

1. Hvernig vissu lærisveinarnir að Kristur kæmi aftur til þessarar jarðar?

Jóhannes 14.1-3

2. Hverjar voru spurningar þeirra varðandi endurkomuna? Matteus 24.3 _____

Ath. Jesús svaraði þeim skýrt og greinilega. Í Matteusi 24. kafla og Lúkasi 21. kafla gaf hann fjölmörg tákn eða merki sem segja okkur hve nálæg koma hans er. Aðrir spádómar Biblíunnar hjálpa til við að fylla inn í myndina með nánari lýsingum á ástandi heimsins rétt fyrir endurkomu Krists. Við munum sjá að þessir spádómar eru að uppfyllast fyrir framan augu okkar – þeir benda til þess að koma Krists er í nánd.

Tákn í náttúrunni

3. Hvaða tákn eiga sér stað í náttúrunni? Matteus 24.7; Lúkas 21.11, 25

Ath. Orðið „drepsótt“ á við banvæna faraldsplágu. Afríka er að deyja úr plágu af umfangsmikilli stærðargráðu vegna hinnar banvænu HIV veiru og fuglaflensan hefur nú þegar breiðst út á sumum svæðum jarðarinnar. Jarðskjálftar, fellibyljir, flóðbylgjur og aðrar náttúruhamfarir hafa fjórfaldast síðan 1950. Spár Jesú eru óðum að rætast.

Tákn í samfélaginu

4. Hver verða táknin í samfélaginu? 2 Tímóteusarbréf 3.1-5; Matteus 24.12, 37-39

Ath. Siðferðishnignun heimsins er sláandi. Við lifum á tíma siðferðislegrar krísu. Nýir lífsstílsvalkostir hafa komið í stað þess sem einu sinni var kallað synd. Hjónabandið er ekki lengur haft í heiðri. Ill meðferð barna og misnotkun hefur stóraukist. Ofbeldi og glæpir eru orðnir hversdagslegir. Fólki drepur börn í skólunum. Sjálfsvíg hafa aldrei verið algengari. Fíkniefnanotkun er úr böndum. Og kynlíf er virðist orðið miðpunktur skemmtana í þessu landi. Annar spádómur er að rætast.

Tákn í heimi fjármálanna

5. Hver eru táknin í fjármálaheiminum? Jakobsbréf 5.1-5

Ath. Græðgi og efnishyggja einkenna dagana rétt fyrir efnahagslegt hrún. Ásókn í þægindi og munað eru aðalsmerki þessa þjóðfélags. Mjög víða einblínir fólk á að safna auði og eins miklu dóti og það getur fyrir sjálft sig. Þetta er til marks um þjóðfélag sem er ríkt í viðhorfi til peninga (starfsferill, völd, staða) en fátækt gagnvart Guði.

Tákn í stjórnálaheiminum

6. Hver eru táknin í stjórnálaheiminum? Markús 13.7-8; Lúkas 21.9-10

Ath. Fyrir 20. öldina höfðu hnattræn stríð aldrei átt sér stað að verulegu leyti. En á þeirri öld höfðu nánast allar mikilvægustu þjóðirnar á jörðunni tekið þátt í tveimur heimsstyrjöldum. En þó að allir meti friðinn mikils og ræði um mikilvægi hans heyja allir samt aftur og aftur stríð. Á hverri stundu eiga a.m.k. tugur hernaðaráttaka sér stað á jörðinni. Og óttinn við kjarnorkustríð vofir alltaf yfir. Já, Kristur spáði fyrir um ástand okkar mörgum árum áður en að það rættist.

Tákn í hinum yfirnáttúrulega heimi

7. Hver eru táknin í hinum andlega heimi? 2 Þessaloníkubríf 2.9; Matteus 24.23-27; 1 Tímóteusarbréf 4.1; Opinberunarbókin 16.14

Ath. Þessi vers gefa til kynna að þegar nær dregur að tíma endalokanna mun antikristur koma fram með allskonar kraftaverk og tákn, með eftirlíkingu af kraftaverkum Guðs. Dulspeki þrífst vel og vex. Miðlar auglýsa „hæfileika“ sína og gera út á þá; nornir og galdramenn koma fram í spjallþáttum. Nýaldarsinnar eru

11-3

víða, selja kristala og „farvega“ anda liðinna. Allt þetta gerir okkur ljóst að sagan er að nálgast endalokin.

Tákn í menntaheiminum.

8. Hver eru táknin í menntaheiminum? Daníel 12.4 _____

Ath. Hér bendir Daníel á að þekking á spádómum hans muni vaxa „þar til er að endalokunum líður.“ En málið sem notað er í þessum spádómi virðist einnig benda beint til tölvu-upplýsingaraldarinnar sem við lifum á. Þekking hefur aukist á ljóshraða á öllum sviðum undanfarin ár. Fyrir 1850 ferðaðist fólk á hestum og hestakerrum á svipaðan hátt og fólk hafði gert frá upphafi sögunnar. Núna rjúfum við hljóðmúrinn og förum um heiminn með þotum og jafnvel í geimskutlum út í geim. Aukning í ferðalögum og flóð allskonar uppfinninga benda til uppfyllingar þessa spádóms og gefur enn frekar til kynna að við lifum á tíma endalokanna.

Tákn í trúarheiminum

9. Hver eru táknin í trúarheiminum? Matteus 24.14; Jóel 2.28-29

Ath. Biblían segir fyrir um að rétt fyrir komu Krists muni Heilagur Andi leiða marga til þekkingar á Kristi. Og þannig mun fagnaðarerið verða prédikað um alla heimsbyggðina. Með samskiptatækninni í dag hefur öllum verið gert kleift að heyra fagnaðarerið. Þessi spádómur er enn að rætast.

10. Hvers vegna er mikilvægt að setja ekki dagsetningar? Matteus 24.36

11. Hverju varar Kristur okkur við? Lúkas 21.29-34

Ath. Mikil hætta er á að verða svo upptekinn við áhyggjur þessa lífs að við gleymum því mikilvægasta í lífinu: Sambandi okkar við Guð alheimsins sem áætla að koma aftur mjög brátt.

12. Hvernig get ég verið viss um að vera tilbúin(n) þegar Jesús kemur aftur?

Jóhannes 1.12; 6.37; Opinberunarbókin 3.20

11-4

Samantekt: Jesús, fyrir tilstilli Heilags Anda, þakkar og biður um að fá að koma inn í hjarta mitt svo að hann geti breytt lífi mínu. Ef ég fel honum allt líf mitt, mun hann ekki einungis þurrka út gamlar syndir mínar og gefa mér í staðinn allar réttlætisgjörðir sínar heldur mun hann einnig gefa mér kraft til þess að lifa guðlegu lífi. Hann veitir mér réttláta lyndiseinkunn sína sem ókeypis gjöf svo það að gera hans vilja verður mér yndi. Þetta er svo einfalt að margir efast um að þetta sé raunverulegt. En þetta er satt. Mitt hlutverk er að einfaldlega gefa líf mitt Kristi og láta hann lifa hið innra með mér. Hans hlutverk er að vinna það mikla kraftaverk hið innra með mér sem umbreytir lífi mínu og undirbýr mig fyrir endurkomu hans. Þetta er ókeypis gjöf. Ég þarf aðeins að taka á móti henni.

Svör við nr. 11

Spurning 1 – Hann sagði þeim að hann kæmi aftur

Spurning 2 – Hvert mun verða tákn komu hans

Spurning 3 – Þjóð mun rísa gegn þjóð og ríki gegn ríki, þá verður hungur, landskjálftar og drepsóttir á ýmsum stöðum

Spurning 4 – Mennirnir verða sérgóðir, fégjarnir, raupsamir, hrokafullir, lastmælendur, foreldrum óhlýðnir, vanþakklátir, vanheilagir, kærleikslausir, ósáttfúsir, rógberandi, taumlausir, grimmir, ekki elskandi það sem gott er, sviksamir, framhleypnir, ofmetnaðarfullir, elskandi munaðarlífið meira en Guð

Spurning 5 – Efnahagshrun

Spurning 6 – Stríð

Spurning 7 – Falskristar sem gera fölsk kraftaverk sem leiða munu marga frá trúnni

Spurning 8 – Aukin þekking

Spurning 9 – Anda Guðs verður úthellt og fagnaðarerindið mun verða prédikað um alla heimsbyggðina

Spurning 10 – Daginn og stundina veit enginn nema Faðirinn einn

Spurning 11 – Að verða ekki of upptekinn við áhyggjur og skemmtanir þessa lífs

Spurning 12 – Með því að bjóða Jesú að koma inn í líf þitt